

**Ed.**

**473. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um löggilta vigtarmenn (þgskj. 185).

Frumvarp þetta er komið frá háttv. Nd. og var borið þar fram af þingmanna hálfu.

Vjer, sem háttvirt deild hefur skipað í nefnd til að athuga frumvarpið, litum svo á, að gagnlegt og nauðsynlegt sje að hafa löggilta vigtarmenn í kaupstöðum og kauptúnum landsins.

Það er sjerstaklega gert ráð fyrir, að þessir löggiltu vigtarmenn verði notaðir, þegar innlendar vörur eru seldar á skipsfjöl hjer við land (það sem á verslunarmáli er kallað »fob«-sala), en vjer hyggjum, að eigi sje síður ástæða til að nota þá við móttöku útlendra vara, sem seldar eru við skipshlið hjer við land.

Vjer föllumst því á ákvæði frumvarpsins að öllu öðru leyti en því, að vjer teljum rjett, að þóknunin til vigtarmannanna sje fastákveðin i lögnum, en ekki ákveðin með samkomulagi vigtarmannanna við þá, sem þá nota. Hyggjum vjer, að það muni auka traust manna á vigtarmönnunum og fyrirbyggja allan grun um, að mútum geti orðið beitt. Teljum vjer 75 aura hæfilega borgun fyrir hverja klukkustund, sem vigtarmaður er að starfi sínu.

Samkvæmt þessu ráðum vjer háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með breytingu þeirri, er hjer fer á eftir:

Við 2. gr. Orðin: »eftir — en« falli burt.

Alþingi 19. ágúst 1915.

Karl Einarsson,  
form.

Steingr. Jónsson,  
skrifari og framsögum.

Hákon J. Kristófersson.